

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 54/2013****2013/EES/61/04****frá 3. maí 2013****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/8/ESB frá 2. mars 2012 um breytingu á tilskipun 2003/90/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði plantna. Ákvæði löggjafar um heilbrigði plantna skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB) í 1. hluta III. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 L 0008**: Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/8/ESB frá 2. mars 2012 (Stjtið. ESB L 64, 3.3.2012, bls. 9).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2012/8/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 64, 3.3.2012, bls. 9.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 55/2013

2013/EES/61/05

frá 3. maí 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 880/2011 frá 2. september 2011 um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 208/2011 um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008 og (EB) nr. 737/2008 að því er varðar skrár yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB og heiti þeirra <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Sá hluti ákvörðunar þessarar sem varðar I. kafla I. viðauka á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í sjötta undirlið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2011) í 11. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í hluta 1.1 í I. kafla:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32011 R 0880**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 880/2011 frá 2. september 2011 (Stjtið. ESB L 228, 3.9.2011, bls. 8).“
2. Eftirfarandi bætist við í fyrsta undirlið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2011) í 41. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 737/2008) í hluta 3.2 í I. kafla:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32011 R 0880**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 880/2011 frá 2. september 2011 (Stjtið. ESB L 228, 3.9.2011, bls. 8).“
3. Eftirfarandi bætist við í fyrsta undirlið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2011) í 90. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008) í hluta 4.2 í I. kafla:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32011 R 0880**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 880/2011 frá 2. september 2011 (Stjtið. ESB L 228, 3.9.2011, bls. 8).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 228, 3.9.2011, bls. 8.